

Fundur 7.4.2025 Magnús læknir frá sautjándu öld.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið.

*Já góða kvöldið.*

Reynum við alltaf að bæta líðan ykkar og gleður það mig að tala við ykkur Íslendingar, langt er síðan ég var uppi á landinu.

Og er hér mikil orkan, hef ég fengist lengi við að lækna og efla fólk, og aðstæðurnar gjörólíkar því sem ég átti að þekkja á jörðunni á gamla Íslandi.

Hér eru að verða þau tímamót að við getum fengið í hóp okkar mann sem mun skila miklum árangri og vil ég gjarnan segja frá því í hverju starf mitt hefur verið fólgið á framlífs hnetti, og er það til mikils að vinna að vel til takist, enda mikil þörf á því að efla gamla frumlífs hnöttinn minn, sem þið eruð stödd á og aðra slíka frumlífs hnetti.

Og er það raunar gamalt verkefni, sem hefur verið í gangi lengi á okkar ágætu framlífs jörð, og hafði ég einnig haft hugmynd um það, smjörþef af því á þeim framlífs hnetti sem ég var staddur á, áður en ég komst á þennan framlífs hnött, og er það mikilvægt verkefni.

Hef ég því verið lærlingur í þessu fagi í heilan mannsaldur á fyrri framlífs jörð minni og tel mig loksins tilbúinn að lýsa því fyrir ykkur, í hverju þetta starf er fólgið.

Já ég ætla að segja örlítið frá ævi minni á frumlífs jörð, gamla Íslandi, var ég uppi á sautjándu öld og var ég meðal þeirra landsmanna fjölmörgu sem áttu erfiða ævi og dó ég ungur úr farsótt, sem ég þó reyndi að lækna og hafði hjálpað nokkrum fram að því, og ekki orðinn þrítugur þegar ég lést.

En móðir mín hafði kennt mér að fara með grös og hafði ég einnig prófað mig áfram í þeirri grein og skilaði það nokkuð góðum árangri og var fólk mér þakklátt, og er ég ánægður með það að einhverju góðu fékk ég áorkað áður en ég kvaddi jarðlífið.

En var ég einn af þessum mörgu niðurstetningum og náði ekki að sýna hæfni mína, fyrr en komin var farsótt sem felldi marga og komu þá jurtir þessar að gagni og þekking mín á þeim.

Og fékkst ég við þetta í framlífi og tók ég svo einnig trú á heiðna Guði og var það mér til framdráttar mjög.

En hér í framlífi á þessari góðu framlífs jörð hef ég hins vegar notið góðs af langri starfsævi minni á framlífs hnöttum, lækningastörfum og verslunarstörfum og var bóndi um hríð, en fékk ég menntun í því að finna hæfileika hjá þeim örfáu einstaklingum sem skara fram úr í því að lækna aðra og beita aðferðum svipuðum þeim sem Jesús Kristur beitti í jarðvist sinni á jörðinni og fylgir þá ekki trúarkennslan endilega með.

En eru það ýmsir einstaklingar af báðum kynjum, en sjaldgæft er það fólk en dýrmætt, og fær það ekki alltaf nauðsynlega menntun þegar það lifir ævi sinni og reynum við að bæta úr því, er ég aðeins einn af mörgum sem vinn við það að finna þetta fólk og hjálpa því að þjálfa sína hæfileika, mennta sig og eflast á öllum sviðum.

Og hef ég þurft að fara á marga staði á þessum hnetti sem ég er nú staddur á, til að leysa úr ýmsum vandamálum, og hef ég þá stundum í fylgd með mér, öflugum einstaklinga sem geta beitt sínum andlega mætti til að koma því til leiðar og hjálpa til við það.

En hef ég einnig oft verið viðstaddur lækninga fundi ykkar og hef ég verið að taka á móti nýkomnum Íslendingi sem við vonum að geti talað til ykkar hér á eftir, en fyrst ætla ég að reyna að segja nafn mitt, Magnús læknir frá sautjándu öld, látum það nægja, og vonum við að til takist að koma þessu sambandi á, og hann er nú kannski ekki búinn að ná sér að fullu, en vonum að vel takist til, og verið þið sæl og þakka ég fyrir.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*